

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur í Egilsstaðakauptúni.

1. gr.

Húseigendur í Egilsstaðakauptúni skulu greiða til sveitarsjóðs Egilsstaðahrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi. Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

- | | | |
|----|---|-------------|
| A. | 1. Einbýlishús m/bifreiðageymslu að 400 m ³ | kr. 125 000 |
| | 2. Parhús að 400 m ³ | — 100 000 |
| | 3. Tvíbýlishús á 2 hæðum, tveggja hæða íbúðarhús m/allt að 4 íbúðum og raðhús á 1 hæð að 400 m ³ | — 80 000 |
| | 4. Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³ | — 60 000 |
| | 5. Fjölbýlishús á 2 hæðum m/allt að 8 íbúðum að 300 m ³ | — 50 000 |
| | 6. Fjölbýlishús á 3 hæðum eða fleiri, m/fl. en 8 íbúðum að 300 m ³ | — 35 000 |
| | 7. Verslunar- og skrifstofuhús per m ³ | — 200 |
| | 8. Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³ | — 150 |
| | 9. Umframstærðir í íbúðahúsum per m ³ | — 200 |
| | 10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir. | |
| B. | 1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40,00 af hverjum m ² lóðar. | |
| C. | 1. Bifreiðastæði greiða húseigendur sjálfir. | |

Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkv. 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 1. gr. skal greitt á fjórum árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrr en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til váttryggingarfjár eignarinnar. Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkv. lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Egilsstaðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.